



Fundargerð samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um lofslagsmál og heimsmarkmiðin

Fjórði tengiliðafundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um lofslagsmál og heimsmarkmið Lofslagsmál – Hvaða verkfæri þurfa sveitarfélögin til að draga úr losun?

Fjarfundur haldinn mánudaginn 19. október 2020, kl. 8:30-10:00.

71 þátttakendur tóku þátt á fundinum.

Hægt er að nálgast upptöku frá fundinum [á vefsíðu sambandsins](#).

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, setti fundinn og bauð gesti velkomna á fundinn. Fór hann yfir fyrirkomulag fundarins og hvernig þátttakendur gætu tekið þátt og spurt spurninga til frummælenda.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpaði fundinn og fór yfir mikilvægi þess að allar áætlanir væru unnar með vönduðum hætti og studdar af vísindum og að þær væru fjármagnaðar. Nefndi hann mikilvægi aðgerðaráætlunar stjórnvalda í lofslagsmálum til 2030 og að sambandið taki virkan þátt í þeirri vinnu. Fram kom í máli hans mikil ánægja og hrós með verkefnið „Verkfærakistu sveitarfélaga í lofslagsmálum“ og hlutverk þess við að styðja við lagaskyldu þeirra til að setja lofslagsstefnu og gera aðgerðaáætlun í lofslagsmálum. Guðmundur fór einnig yfir mikilvægi hringrásarhagkerfisins og meðhöndlun úrgangs en þar eru tengslin við lofslagsmálin gífurlega mikilvæg. Guðmundur fór einnig yfir tvö verkefni er ráðuneytið styrkir í gegnum sóknaráætlanir sveitarfélaga og telur að bæði verkefnin muni styðja við betri ákvörðunartöku og að ná markmiðum um betri úrgangsstjórnun. Fór Guðmundur einnig stuttlega yfir plastáætlun ríkisstjórnarinnar sem er hluti að stuðningi við hringrásarhagkerfið og er áætlunin fjármögnuð sem gefur vonir um árangur. Guðmundur nefndi einnig mikilvægi þess að samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eiga allar stærri áætlanir ríkisins að vera metnar út frá lofslagsmarkmiðum. Þetta er mjög mikilvægt í samhengi við starfsemi sveitarfélaga og í skipulagsmálum og því fól hann Skipulagsstofnun að gera viðauka við landsskipulagsstefnu svo hún stuðli að kolefnishlutleysi og auknum viðnámsþrótti gegn afleiðingum lofslagsbreytinga. Ríki og sveitarfélög geti starfað saman í átt að lofslagsvænu samfélagi. Að lokum hvatti ráðherra fundarmenn til dáða og lýsti yfir tilhlökkun að sjá verkfærakistu sveitarfélaga verða að veruleika.

Næst tók til máls Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og fjallaði um hlutverk verkfærakistu í lofslagsmálum en verkefnið fékk nýlega styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Í upphafi fór Eygerður yfir tildrög þess að Samstarfsvettvangur sveitarfélaga í lofslagsmálum og Heimsmarkmiðum var stofnaður og hvernig sú stofnun leiddi til að verkefnið „Verkfærakista í lofslagsmálum“ varð til. Umgjörð verkfærakistunnar eru skuldbindingar Íslands í lofslagsmálum og aðgerðaáætlun í lofslagsmálum 2020-2030 sem og fjölmörg verkefni sveitarfélaga í lofslagsmálum ásamt nýlegri lagaskyldu á sveitarfélög til að setja sér lofslagsstefnu. Hlutverk verkfærakistunnar er að efla og styðja íslensk sveitarfélög til að vinna aðgerðamiðaða stefnumótun í lofslagsmálum, fylgja henni eftir og vakta árangur sinn. Sveitarfélög munu einnig geta kortlagt árangursríkar aðgerðir til að draga úr losun frá sínum rekstri. Í dag eru áætlaðar afurð verkfærakistunnar: losunarreiknir, sniðmát fyrir stefnu og aðgerðaáætlun, hugmyndir að aðgerðum og fræðslu- og

kynningarefni. Mótun verkefnisins og samráð mun eiga sér stað innan þessa samstarfsvettvangs, með vinnuhópi sem stofnaður var innan þessa samstarfsvettvangs sveitarfélaga og síðan var myndaður stýrihópur sem leiðir verkefnið áfram en þar innan eru fulltrúar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, sambandinu og Umhverfisstofnun. Áætlað er að verkfærakistan líti dagsins ljós í maí 2021 og hefur Ingunn Gunnarsdóttir verið ráðin verkefnastjóri verkfærakistunnar.

Ingunn Gunnarsdóttir, umhverfisfræðingur hjá Environice ehf. og nýráðin verkefnastjóri verkefnisins, tók næst til máls og fjallaði um verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum. Í erindi hennar kom fram að verkfærakistan sé enn í mikilli mótun og ætlunin er að hana verði að finna inn á loftslagsstefna.is en þar verður hægt að finna efni bæði fyrir ríkisaðila og sveitarfélög. Verður þar að finna ytri vef með almennum upplýsingum, fræðslu og fleira og síðan innri vef sem verður eingöngu aðgengilegur fyrir sveitarfélög og starfsmenn þeirra en þar verður að finna leiðbeiningar og sniðmát, losunarreikni og aðgerðarbanka. Áhersla verður á að gagnabankinn verði mjög aðgengilegur svo þetta nýtist sem flestum. Ingunn hvatti sveitarfélög sérstaklega til þess að vera dugleg að deila upplýsingum og gagnlegum skapalónum en þannig megi byggja upp sem besta verkfærakistu. Velti Ingunn síðan upp fjölda spurninga fyrir samstarfshópinn til íhuga fyrir framgang verkefnisins. Hún nefndi að stefnt væri að því að senda könnun til sveitarfélaga um hvaða þau teldu mikilvægast að leggja áherslu á við gerð verkfærakistunnar. Að lokum fór Ingunn yfir næstu skref en það er þarfagreining og samráð við sveitarfélög og samstarfsaðila, fullmóta verkefnið og finna vefhönnuð til að gera verkfærakistuna aðgengilega og þægilega í notkun. Eftir erindi Ingunnar voru góðar umræður og spurningar þar sem meðal annars kom fram að verkfærakistan hefur fengið styrk frá ráðuneytinu og stefnt er að því að útfæra verkefnið þannig að það sé ákveðin sjálfvirkni til staðar svo kostnaður sveitarfélaga sé sem minnstur.

Ásdís Nína Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, hélt erindið Lofslagsstefnur stofnana og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins. Fram kom að samkvæmt lögum ber stofnunum ríkisins, fyrirtækjum í meirihluta eigu ríkisins og sveitarfélögum að setja sér lofslagsstefnu og á Umhverfisstofnun að vera þeim til aðstoðar og hafa eftirlit með gerð og framfylgd þeirra. Er þessi krafa um loftslagsstefnu sett til þess að hægt sé að mæta alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins í loftslagsmálum sem og að tryggja að hið opinbera fari fram með góðu fordæmi þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ásdís nefndi að lofslagsstefnan má standa ein og sér eða tilheyra stærri sjálfbærnistefnu og fór hún yfir hvað loftslagsstefna á að innihalda. Lagði hún sérstaka áherslu á að markmið í stefnunni væru svo kölluð SMART markmið, þ.e. skýr, mælanleg, aðlagandi, raunhæf og tímasett. Forsenda góðrar markmiðasetningar eru áreiðanleg gögn um losun á gróðurhúsalofttegundum og þarf því að leggja áherslu á góðan undirbúning í gagnaöflun áður en markmið eru sett. Hún sagði mikilvægt að setja aðgerðaáætlun með tilgreindum ábyrgðaraðila og stefnir Umhverfisstofnun að því að útbúa sérstakan aðgerðabanka fyrir ríkisaðila sem ætti að geta nýst sveitarfélögum, sérstaklega þegar kemur að skrifstofurekstri. Í máli Ásdísar kom fram að æskilegt væri að sveitarfélög sammælis um losunarvalda svo hægt væri að skila samanburðarhæfum tölum, hvort sem það er grænt bókhald, líkt og ríkisaðilar nota, eða önnur útfærsla. Græna bókhaldið nái líklega ekki nógu vel yfir starfsemi sveitarfélaga og því þurfi að útfæra hvernig best sé að færa loftslagsbókhald sveitarfélaga.

Jóna Bjarnadóttir, forstöðumaður umhverfis og auðlinda hjá Landsvirkjun, fjallaði um mikilvægi mælinga og bókhalds í umhverfisstarfi. Fram kom að fyrsta skrefið sé ávallt að taka grunnstöðuna, hver er losunin í dag, síðan grípa til aðgerða og mæla árangur. Mælingar og bókhald séu lykilatriði í að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku því nauðsynlegt er að hafa traustar upplýsingar sem grundvöll fyrir ákvarðanir. Jóna nefndi sérstaklega að ef hún væri að taka sín fyrstu skref í dag þá væri hún með eftirfarandi praktísku ráð:

- **Yfirfæra þekkingu úr reikningshaldinu.** Umhverfisbókhald er ekkert ósvipað fjárhagsbókhaldinu og í raun nátengt. Við erum að skrá magn efna í stað fjármagns og liggja þessar upplýsingar oftast en ekki á sama stað, á reikningum.

- **Gera vel 1x.** Gefa sér tíma í að kortleggja hvaða upplýsingum þarf að safna, hvar gögn er að finna og á hvaða formi.
- **Skilgreina verkferla og ábyrgð.** Ábyrgð á hverjum málaflokki hjá þeim aðila sem ber ábyrgð á viðkomandi innkaupum eða þætti rekstrinum.
- **Upplýsingar komi inn jafnt og þétt yfir árið.** M.a. mikilvægt til að vita hvert stefnir með markmið ársins og til að það verði ekki of mikil vinna í lok árs að leita að gögnum.
- **Eiga samtal við uppsprettu upplýsinga** ef upplýsingar eru ekki á formi sem gagnast.
- **Ná tölunum inn sem fyrst í flæði gagnanna hjá ykkur** (t.d. reikningar, þjónustusíður birgja/þjónustuaðila).
- **Hafa sem fæst handtök og sem minnstan handinnslátt.** Til að varast villur, tímafrekt að leita uppi við rýni og endurskoðun.
- **Byrja einfalt og byggja á þeim grunni.** T.d. bara eitt excel skjal en fikra sig síðan áfram inn í mælaborð sem streyma upplýsingum í rauntíma.

Jóna hvatti aðila til samstarfs og víðtækrar þátttöku innan sveitarfélaga sem og á milli sveitarfélaga. Hver og einn er sérfræðingur í sínu starfi og þá getur hver og einn verið sérfræðingur í aðgerðum í loftslagsmálum innan síns starfsvettvangs. Hafa einnig ávallt í huga að þetta snýst um að bæta umhverfið.

Hildur María Hólmarsdóttir, starfsnemi hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, hélt erindi um Nordic Transition partnership – samnorrænt verkefni um kolefnishlutleysi sveitarfélaga með innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Fram kom að um væri að ræða samstarfsverkefni fjögurra Norðurlanda en mismunandi aðilar frá hverju landi fyrir sig. Í Noregi er það Smart Innovation Norway, Viable Cities frá Svíþjóð, Business Tampere í Finnlandi og að lokum Reykjavíkurborg frá Íslandi. Markmið verkefnisins er að hraða þróun smærri sveitarfélaga að kolefnishlutleysi, að stuðla að samvinnu umfram þetta verkefni og safna saman norrænum „best practice“ og veita þannig sveitarfélögum innblástur til þess að hrinda áætlunum í framkvæmd. Unnið er með tvö lykilhugtök í þessu verkefni, þ.e. kolefnishlutleysi og hringrásarhagkerfi. Þrátt fyrir að þetta verkefni tengist ekki verkfærakistunni er ákveðin samhljómur og ættu verkefnið að geta unnið saman og stutt við hvort annað. Verkefnið teygir sig yfir tvö ár þar sem markmiðið er meðal annars að styrkja tengslanetið, halda viðburði og hugsanlega stækka verkefnið til ESB og sækja um styrki þar. Í dag hefur fimm sveitarfélögum verið boðið að taka þátt í fyrsta fasa sem er viðtöl en þetta eru Reykjavíkurborg, Hornafjörður, Akureyrarbær, Kópavogsbær og Hveragerðisbær. Markmiðið er að þetta nýtist sem flestum þótt þetta séu sveitarfélögin sem koma að verkefninu núna. Þetta verkefni er sveitarfélögum að kostnaðarlausu sem taka þátt og vonandi verður hægt að fá styrki til að skala þetta verkefni upp.

Hrafnhildur Bragadóttir, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun, fjallaði um Landsskipulagsstefnu og lofslagsmál. Fram kom í máli Hrafnhildar að ánægjulegt væri að sjá hversu margir væru komnir af stað í loftslagsmálum og vilja vinna gegn loftslagsvandnum eins og aðstæður þeirra leyfa. Nú er unnið að því að bæta við þremur atriðum við landsskipulagsstefnu, þ.e. loftslag, landslag og lýðheilsa. Þótt þetta séu þrjú mismunandi viðfangsflokkar þá tengjast þeir oft innbyrðis og ávallt stefnt að samþættingu þegar hægt er. Fram undan er auglýsing á tillögunni og þá hefst átta vikna umsagnartímabil og að lokum er stefnan lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Hrafnhildur fór yfir áherslur umhverfis- og auðlindaráðherra þegar kemur að loftslagsmálum í landsskipulagsstefnu og að skipulagsgerð eigi að stuðla að árangri í lofslagsmálum með meiri bindingu, minni losun og aðlögun að breytingum, þ.e.a.s. loftslagsmiðað skipulag.

Að lokum þakkaði Eygerður öllum fyrir að taka þátt í þessari vinnu um verkfærakistu. Fyrsta skrefið í verkfærakistunni er að horfa á rekstur sveitarfélaga en vonandi mun kistan síðar ná einnig utan um losun frá sveitarfélaginu heild. Fram undan er að senda könnun til sveitarfélaga til að vita betur hvað sveitarfélög vilja fá út úr verkfærakistunni og síðan mun vera unnið úr þeirri könnun. Næsta skref innan þessa samráðsvettvangs er að halda annan tengiliðafund en á þeim fundi verður horft til vinnu sveitarfélaga að Heimsmarkmiðunum.